



Guðfinnur Þór Newman
Aðildarfélag: KVH
Aldur: 52 ára

Ég býð mig fram til varaformanns BHM því ég hef brennandi áhuga á viðfangsefnum bandalagsins, vil taka þátt í að efla starf aðildarfélaganna og vinna að bættum kjörum og réttindum félagsmanna aðildarfélaga BHM.

Ég hef á undanförunum árum kynnst starfsemi BHM afar vel í gegnum starf mitt fyrir bandalagið, stjórnarsetu og núverandi starf mitt sem framkvæmdastjóri KVH. Ég tel mig geta lagt mitt af mörkum til að efla BHM og tel að reynsla mín geti nýst vel sem varaformaður BHM og staðgengill formanns. Ég hef góða þekkingu á hlutverki BHM gagnvart aðildarfélögunum og á innri starfsemi og hlutverki bandalagsins gagnvart öðrum heildarsamtökum, viðsemjendum, stjórnvöldum og löggjafanum. Hef víðtæka reynslu og þekkingu af vinnumarkaðsmálum og á starfsferli mínum hef ég byggt upp gott tengslanet sem nær til allra heildarsamtaka.

Trúnaðarstörf innan BHM

Á árunum 2016 – 2018 sat ég í stjórn BHM og stjórn KVH og á þeim vettvangi öðlaðist ég dýrmæta reynslu af félagsstörfum.

Stjórnarseta:

Stjórn BHM: 2016 – 2018; ritari, meðstjórnandi

Stjórn KVH: 2016 – 2018; meðstjórnandi

Lagabreytinganefnd BHM: 2017 – 2018; formaður

Starfshópur um jöfnun launa á milli markaða (7. gr. lífeyrissamkomulagsins frá 2016):

Apríl 2017 – febrúar 2018

Nefnd um jöfnun launa á milli markaða: September 2018 – mars 2020 (ólokið)

Menntun:

2000: Háskóli Íslands; bsc. viðskiptafræði (fjármál & endurskoðun), árið 2000

2007: Háskólinn í Reykjavík; löggilding í verðbréfamíðlun

Fyrri störf:

2018 – Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga (KVH); framkvæmdastjóri

2015 – 2017 Samorka; sérfræðingur

2015 Bandalag háskólamanna (BHM); verkefnastjóri kjaramála

2005 – 2015 Reykjavíkurborg; deildarstjóri tölfræði og greiningar

2000 – 2005 Samband íslenskra sveitarfélaga; lögfræði- og kjarasvið